

## Útgjöld til félagsverndar 2001–2004

### *Social protection expenditure 2001–2004*

#### *Samantekt*

Árið 2004 var rúmlega 207 milljörðum króna varið til félagsverndar á Íslandi. Útgjöldin það ár námu 22,6% af vergri landsframleiðslu en árið 1994 var þetta hlutfall 18,0%. Veigamesti málaflokkur félagsverndar hérlandis er heilbrigðismál og skapar það talsverða sérstöðu fyrir Ísland í evrópskum samanburði. Til heilbrigðismála var varið um 34% heildarútgjaldanna en málefni aldraðra voru í öðru sæti með 27% útgjalda sem runnu til félagsverndar. Í þriðja og fjórða sæti voru útgjöld vegna örorku og fjölskyldna og barna, um 14% til hvors málaflokks. Vegna þess hve ástandið á vinnumarkaði hérlandis einkenndist af almennri eftirspurn eftir vinnuafli árin 2001–2004 héldust útgjöld vegna atvinnuleysismála í lágmarki í alþjóðlegum samanburði.

Fjármögnun útgjalda til félagsverndar einkenndist af mikilli sjóðssöfnun lífeyrissjóða árin 2003 og 2004. Auk framlags ríkis, sveitarfélaga, atvinnurekenda og hinna tryggðu hefur hlutur fjármagnstekna verið veigamikill en sveiflukenndur þáttur í fjármögnun félagsverndar á Íslandi hin síðari ár.

Útgjöld til félagsverndar á Íslandi eru rétt undir meðaltali EES landanna árið 2003. Hérlandis skiptast þau jafnt milli greiðslna (lífeyrir, bætur o.s.frv.) og niðurgreiddrar þjónustu, en í flestum öðrum löndum eru greiðslur mun stærri hluti útgjalda. Ef litið er til Norðurlanda árið 2004 eru útgjöld til niðurgreiddrar þjónustu á Íslandi álíka og í hinum löndunum en útgjöld til greiðslna töluvert lægri.

### **Grunnur upplýsinga og aðferð**

#### *Flokkun útgjalda*

Útgjöldum til félagsverndar, þ.e. félags- og heilbrigðismála eins og þau eru skilgreind hér, er lýst í þessu riti á grundvelli flokkunarkerfis sem Eurostat, hagstofa Evrópusambandsins, hefur þróað á undanföllum áratugum. Flokkunarkerfið heitir The European System of integrated Social Protection Statistics, skammstafað: ESSPROS. Nýjasta útgáfa þessa flokkunarkerfis er frá árinu 1996. Með því er leitast fyrst og fremst við að flokka útgjöldin eftir því hvaða verkefnasviði, málaflokki eða þörfum er verið að fullnægja. Norðurlöndin hafa í fimm áratugi þróað þetta flokkunarkerfi á vettvangi NOSOSKO nefndarinnar (Nordisk Socialstatistisk Komité), sem er ein af fastanefndum Norrænu ráðherra-nefndarinnar og gefið út niðurstöður árlega í ritinu „Social tryghed i de nordiske lande“. Frá og með árinu 1995 gerði nefndin nokkrar minni breytingar á kerfinu til að samræma það fullkomlega ESSPROS.

Flokkunarkerfi ESSPROS á útgjöldum til félagsverndar byggir á eftirfarandi skilgreiningu: *Félagsvernd tekur til allra afskipta opinberra aðila og einkaaðila sem miða að því að létta byrðum af heimilum og einstaklingum vegna tiltekinnar*



*áhættu eða þarfar, jafnframt því að ekki komi samhliða til endurgjalds eða um sé að ræða einstaklingsbundið fyrirkomulag.*

Áhætta eða þarfir í tengslum við félagsvernd eru samkvæmt ofangreindri skilgreiningu flokkuð í verkefnasvið og innan hvers þeirra er útgjöldum skipt eftir tegund útgjalda og því hverjir fjármagna þau. ESSPROS-staðallinn veitir því samræmdar tölulegar upplýsingar um félagsvernd frá þremur þýðingarmiklum sjónarhornum: verkefnasviði, tegund útgjalda og fjármögnun.

**Verkefnasviðin eru átta:**

- I Fjölskyldur og börn
- II Atvinnuleysi
- III Heilbrigðismál
- IV Aldraðir
- V Öryrkjar
- VI Eftirlifendur
- VII Húsnæði
- VIII Önnur félagshjálp

**Tegundir útgjalda skiptast í:**

- a. Greiðslur (bætur, lífeyrir o.s.frv.)
- b. Niðurgreidda þjónustu

**Fjármögnun skiptist á:**

- 1. Ríkissjóð
- 2. Sveitarfélög
- 3. Atvinnurekendur
- 4. Hina tryggðu
- 5. Aðra fjármögnun (fjármagnstekjur)

Grundvöllurinn að flokkunarkerfi ESSPROS byggist á því að öll útgjöld og allar tekjur varðandi félagsvernd falli undir hin svokölluðu félagsverndarkerfi (e. social protection schemes). Félagsverndarkerfi í hinum ýmsu löndum eru afar ólík hvað varðar uppbyggingu stofnana og verkaskiptingu þeirra. Slík félagsverndarkerfi geta verið rekin af einni eða fleiri einingum eða stofnunum eða hópi þeirra. Skilgreining ESSPROS á félagsverndarkerfi nær bæði til félagslegrar aðstoðar (e. social assistance) og félagslegra tryggingasjóða (e. social insurance schemes). Í hverju landi fyrir sig hefur byggst upp ákveðið safn reglna sem stofnanir taka mið af við framkvæmd félagsverndar, fjármögnun hennar og úthlutun greiðslna og þjónustu á hinum ýmsu verkefnasviðum.

*Heimildir* Heimilda um útgjöld á sviði félags- og heilbrigðismála/félagsverndar er leitað í ríkisreikningi, reikningum sveitarfélaga og Tryggingastofnunar ríkisins. Þá er leitað fanga í ársreikningum Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ábyrgðarsjóðs launa, Innheimtustofnunar sveitarfélaga og Jöfnunar sjóðs sveitarfélaga. Loks er byggt á samantekt Fjármálaeftirlits úr ársreikningum lífeyrissjóða.

*Samanburður ESSPROS við þjóðhagsreikninga*

Skilgreiningar og uppgjörsaðferðir ESSPROS-staðalsins eru að mestu í samræmi við staðla þjóðhagsreikninga. Þó er nokkur munur á þessum stöðlum varðandi eftirfarandi þætti: Umfang félagsverndar. Hér skiptir einkum máli að tekjutilfærslur til heimilanna vegna menntunar eru í þjóðhagsreikningum taldar með félagslegum tilfærslum til heimilanna en ekki í ESSPROS. Í öðru lagi varðar munurinn einingar

(eða stofnanir) hagkerfisins sem ESSPROS sniðgengur töluvert í því skyni að sundurgreina útgjöld til félagsverndar ítarlegar en ella. Í þriðja lagi varðandi mörkin milli greiddra félagslegra tilfærslna og niðurgreiddrar þjónustu og í fjórða lagi er mismunur milli uppgjörsaðferða. Í viðauka I er gerð frekari grein fyrir mismuninum milli þessara tveggja staðla.

### Yfirlit 1. Félagsverndarkerfi skipt eftir verkefnasviðum

Verkefnasvið	Kerfi
Fjölskyldur og börn	Fæðingaorlofsjóður Barnabætur (ríkissjóður) Innheimtustofnun sveitarfélaga Dagvistir barna (sveitarfélög) Æskulýðsstarfsemi (sveitarfélög)
Atvinnuleysi	Atvinnuleysistryggingasjóður Vinnuálastofnun
Heilbrigðismál	Áætlaðar launagreiðslur í veikindum, atvinnurekendur Tryggingastofnun ríkisins, sjúkra- og slysdagpeningar Sjúkrasjóðir stéttarfélaga Sjúkrahús og heilsugæsla (ríkissjóður) Vinnueftirlit ríkisins
Örorka, aldraðir og eftirlifendur	Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrisgreiðslur Lífeyrissjóðir Félagsleg heimaþjónusta (sveitarfélög) Þjónusta við aldraða (ríki og sveitarfélög) Þjónusta við fatlaða (ríki og sveitarfélög)
Húsnæðismál	Stuðningur við leigjendur (ríki og sveitarfélög)
Önnur félagsaðstoð og fjölskyldur	Félagsþjónusta sveitarfélaga og meðferðarstofnanir
Önnur félagsaðstoð	Ábyrgðasjóður launa

### Tölur í heftinu

#### Þróun 2001–2004

Tafla 1 sýnir greiðslur og niðurgreidda þjónustu eftir verkefnasviðum og fjármögnun árið 2004. Tölur 2 og 3 sýna útgjöld til félagsverndar ár hvert 2001–2004. Tafla 4 sýnir hlutfall greiðslu og niðurgreiddrar þjónustu innan hvers verkefnasviðs 2001–2004. Tafla 5 sýnir skattlagningu greiðslna til félagsverndar 2001–2004. Tölur 6 og 7 fjalla um fjármögnun útgjaldanna. Tafla 8 sýnir skiptingu rekstrarútgjalda ríkis og sveitarfélaga vegna félagsverndar 2001–2004. Tölur 9 til 16 sýna hin einstöku verkefnasvið 2001–2004 sundurliðuð eftir útgjöldum og fjármögnun og nokkrum öðrum lykiltölum.

#### Þróun 1991–2004

Greint er í tölum 17, 18 og 19 frá þróun útgjalda til félagsverndar í hlutfalli af landsframleiðslu, útgjöldum á íbúa og fleiri lykiltölum.

#### Alþjóðlegur samanburður

Tölur 20, 21 og 22 sýna útgjöld EES-landanna í hlutfalli af vergri landsframleiðslu og á íbúa og auk þess fjármögnun útgjalda í löndunum árið 2003. Loks sýna tölur 23, 24 og 25 samanburð milli Norðurlandanna árið 2004.


## Útgjöld til félagsverndar eftir verkefnasviðum, tegundum og fjármögnun

### Útgjöld í hlutfalli af VFL

Hlutfall útgjalda til félagsverndar af vergri landsframleiðslu hefur verið notað í alþjóðlegum samanburði sem vísbending um velferðarstig samfélaga. Það er mikilvægt að hafa í huga að hlutfallið er háð bæði breytingum í landsframleiðslu og útgjöldum og er ekki mælikvarði á hagkvæmni velferðarkerfisins. Útgjöld til félagsverndar (án stjórnunarkostnaðar) sem hlutfall af vergri landsframleiðslu jókst á tímabilinu 2001 til 2003 úr 19,3% í 22,9% en árið 2004 lækkaði hlutfallið lítillega, í 22,6%. Til samanburðar var þetta hlutfall af landsframleiðslu um 17–18% á árunum 1991 til 1998 en fór hækkandi eftir það (mynd 1 og tafla 18).

### Mynd 1. Útgjöld til félagsverndar án stjórnunarkostnaðar í hlutfalli af vergri landsframleiðslu 1991–2004

Figure 1. Social protection expenditure as percent of GDP 1991–2004




### Þróun útgjalda

Útgjöld til félagsverndar (án stjórnunarkostnaðar) jókst í krónum talið um tæp 9% frá árinu 2003 til 2004 og rúm 40% á tímabilinu 2001 til 2004 á meðan vísitala neysluverðs hækkaði um 10,5%. Þegar leiðrétt er fyrir verðlagsbreytingum er vöxtur útgjalda til félagsverndar rúm 5% frá árinu 2003 til 2004 og um 27% milli 2001 og 2004. Frá árinu 2001 til 2004 fjölgaði landsmönnum um 2,6%. Þegar tekið er tillit til mannfjöldabreytinga auk verðlagsbreytinga og útgjöld reiknuð í kr. á íbúa 2004 jókst raunútgjöld til félagsverndar milli áruna 2003 og 2004 um 4,3%, en um tæp 24% milli 2001 og 2004 (tafla 18).

**Mynd 2. Breyting á útgjöldum til félagsverndar í kr. á íbúa á verðlagi 2004 eftir verkefnasviðum frá árinu 2001–2004**

Figure 2. Changes in social protection expenditure in ISK per capita at fixed prices of 2004 by functions from 2001–2004




*Útgjöld eftir verkefnasviðum*

Árið 2004 var rúmlega þriðjungur útgjalda til félagsverndar varið í heilbrigðismál, eða 34%. Í öðru sæti var verkefnasviðið aldraðir en til þeirra mála fóru rúmlega 27% útgjaldanna. Í þriðja og fjórða sæti voru útgjöld til öryrkja, og fjölskyldna og barna, um 14% til hvors málaflokks. Til fyrrgreindra fjögurra málaflokka fóru um 90% heildarútgjalda til félagsverndar. Afgangurinn fór til eftirlifenda (2,6%), til atvinnuleysismála (2,4%), til húsnæðismála (1%) og annarrar félagsaðstoðar (2,6%) (mynd 3).

**Mynd 3. Útgjöld til félagsverndar eftir verkefnasviðum 2004, %**

Figure 3. Social protection expenditure by functions 2004, %




*Greiðslur og niðurgreidd þjónusta*

Útgjöld á hverju verkefnasviði skiptast í greiðslur og niðurgreidda þjónustu. Greiðslur eru beinar greiðslur í formi lífeyris eða bóta. Hlutfall þessara greiðslna af útgjöldum til félagsverndar var nánast óbreytt öll árin 2001–2004, eða nálægt 48% að meðaltali (tafla 4). Af einstökum verkefnasviðum árið 2004 var hlutfall

greiðslna hæst til eftirlifenda (100%), vegna atvinnuleysis (87%), til aldraðra (70%) og öryrkja (68%). Þess má geta að raunveruleg útgjöld hins opinbera af slíkum greiðslum eru nettó greiðslur, þ.e. greiðslur að frádregnum sköttum. Stærstur hluti þessara greiðslna er skattlagðar eins og launatekjur. Árið 2004 voru 91,4% af slíkum greiðslum skattskyldar (tafla 5).

Niðurgreidd þjónusta getur bæði verið veitt í formi beinnar þjónustu eða með peningagreiðslum gegn skjalfestum gögnum um raunveruleg útgjöld. Dæmi um það síðarnefnda eru húsaleigubætur en þær eru flokkaðar sem niðurgreidd þjónusta. Hlutfall niðurgreiddrar þjónustu af útgjöldum til félagsverndar var nánast óbreytt öll árin 2001–2004 eða nálægt 52% (tafla 4). Hlutfall niðurgreiddrar þjónustu var hæst á sviði heilbrigðismála eða um 80% af heildarútgjöldum til þess málaflokks árið 2004. Vegna umfangs heilbrigðisþjónustunnar í útgjöldum til félagsverndar er hin niðurgreidda þjónusta á því verkefnasviði snar þáttur í velferðarþjónustunni hérlendis.

**Mynd 4. Útgjöld til félagsverndar eftir verkefnasviðum og tegund greiðslna 2004**  
*Figure 4. Social protection expenditure by functions and type of benefits 2004*



#### Fjármögnun félagsverndar

Fjármögnun útgjalda til félagsverndar fer hvoru tveggja til rekstrarútgjalda ársins og til sjóðssöfnunar. Árið 2004 nam heildarfjármögnun félagsverndar alls 341,1 milljarði króna að stjórnunarkostnaði meðtöldum en var 209,1 milljarður árið 2001 (töflur 6 og 7). Framlag ríkissjóðs nam af þessari fjárhæð 31,2%, sveitarfélög lögðu fram 7,1%, atvinnurekendur 27,8%, hinir tryggðu 6,1% og önnur fjármögnun (aðallega fjármagnsgreiðslur að frádregnum fjármagnsgjöldum) 27,7%. Það sem einkennir þróunina árin 2001–2004 er mikil aukning fjármögnunar, einkum 2003 og 2004, en að auki verulegar sveiflur í fjármagnstekjum milli ára. Þessar sveiflur hafa ekki síst áhrif á fjármögnun þeirra sjóða sem tengjast félagsvernd. Árið 2004 fóru rúm 38% fjármögnunar til sjóða, en árið 2001 var það hlutfall rúm 28% (tafla 6). Verðlækkun hlutabréfa bæði á innlendum og erlendum mörkuðum skýra lækkun þeirra árin 2000 og 2002.

Sá hluti fjármögnunar félagsverndar sem rann til greiðslna nam 231,4 milljarði króna. Yfir helmingur þess fjár rann til sjóða árin 2003 og 2004 (130,8 milljarðar 2004 eða 56,5% fjár til greiðslna í þágu félagsverndar). Er þar einkum um að ræða sjóðssöfnun lífeyrissjóða þau ár. Hluttur atvinnurekenda það ár var 40% í þeim hluta

félagsverndar sem féll undir liðinn greiðslur. Þar er um að ræða tryggingagjald, greiðslu launa í veikindum og hlut atvinnurekenda í greiðslum til lífeyrissjóða. Þess ber að geta að sambærilegar greiðslur ríkis og sveitarfélaga flokkast með greiðslum annarra atvinnurekenda.

Ríki og sveitarfélög standa nánast alfarið undir fjármögnun á niðurgreiddri þjónustu til hinna ýmsu verkefnasviða í félagsvernd. Hluttur ríkissjóðs hefur undanfarin ár verið um 4/5 þessarar fjármögnunar en sveitarfélög stóðu undir um 1/5 hluta hennar. Ríkissjóður fjármagnaði 78,5% útgjaldanna árið 2004 en það hlutfall var 80,9% árið 2001. Hluttur sveitarfélaga í niðurgreiddri þjónustu jókst úr rúmum 18,2% árið 2001 í 20,6% árið 2004. Á sama tíma var hlutfall atvinnurekenda nánast óbreytt milli ára, eða 0,9% á ári.

*Stjórnunarkostnaður* Stjórnunarkostnaður var nálægt 1% af heildarútgjöldum til félagsverndar árin 2001–2004. Þar var um að ræða rekstrarkostnað hinna mismunandi stofnana, sjóða og annarar stjórnsýslu. Nokkur vandi er að aðgreina stjórnunarkostnað félagsmálastofnana sveitarfélaga frá ráðgjafarþjónustu þeirra sem veldur því að hann er væntanlega vanmetinn en um leið eru útgjöld til félagsverndar ofmetin.

*Útgjöld í hlutfalli af rekstri hins opinbera* Árið 2001 fóru rúm 29% rekstrarútgjalda hins opinbera til félagsverndar en hafði hækkað í rúm 31% árið 2004. Á tímabilinu jókst þáttur ríkissjóðs til þessara verkefna úr 35% í rúm 37% en sveitarfélaga úr rúmum 19% í tæp 23% (tafla 8).

### Útgjöld til félagsverndar eftir verkefnasviðum 2001–2004

*Fjölskyldur og börn* Greiðslur á verkefnasviðinu fjölskyldur og börn eru fæðingaorlofsgreiðslur, barnabætur og meðlög. Niðurgreidd þjónusta er þjónusta sveitarfélaga í dagvistun barna, æskulýðsstarfsemi, barnavernd og heimilishjálp. Útgjöld í kr. á íbúa á föstu verðlagi hækkuðu um rúm 7% frá 2003 til 2004. Á tímabilinu 2001 til 2004 jukust þau um rúm 33% (tafla 9). Útgjöld á föstu verðlagi í hlutfalli af íbúum 0 til 17 ára jukust um tæp 36% tímabilið 2001 til 2004. Á þessu tímabili hækkuðu útgjöldin úr 2,5% af vergri landsframleiðslu í 3,2%. Hlutfall verkefnasviðsins af útgjöldum til félagsverndar vex á tímabilinu úr 13% í 14%.

Útgjöld á íbúa 0 til 17 ára jukust milli árunna 2001 og 2004 um tæp 36%, reiknað í krónum á verðlagi ársins 2004. Sá vöxtur skýrist af rúmlega 80% vexti útgjalda vegna greiðslna við fæðingu og ættleiðingu og orsakast af nýjum reglum um greiðslur í fæðingarorlofi (fæðingarorlofssjóður) sem komu til framkvæmda á árunum 2001 til 2003. Árið 2004 eru greiðslur fæðingarorlofssjóðs helmingur greiðslna á þessu verkswiði. Útgjöld til barnabóta jukust um rúm 7% frá 2001 til 2004, sá vöxtur er allur milli árunna 2002 og 2003 þegar þær jukust um 10% en önnur ár standa þær í stað eða lækka. Þjónustuútgjöld á íbúa 0 til 17 ára jukust um 38% frá árinu 2001 til 2004 í kr. reiknað á föstu verðlagi. Veigamikill þáttur í þeirri aukningu var nær þreföldun útgjalda til æskulýðsstarfsemi, en þar er að finna útgjöld sveitarfélaga til félagsmiðstöðva, sumarnámskeiða og annarrar tólmstundarstarfsemi barna, sem á tímabilinu er í vaxandi mæli tengd starfsemi grunnskóla. Útgjöld til leikskóla sem taka til tveggja þriðju þjónustuútgjaldanna jukust um rúm 28% í kr. á íbúa 0 til 17 ára á verðlagi ársins 2004 milli árunna 2001 og 2004. Aukning útgjalda til þessara liða valda því að hluttur sveitarfélaga í fjármögnuninni vex á tímabilinu.

- Atvinnuleysi* Greiðslur á sviði atvinnuleysis eru atvinnuleysisbætur og framlög vegna vinnumarkaðsaðgerða. Niðurgreidd þjónusta er rekstur Vinnumálastofnunar, sem hefur á höndum verkefni á sviði vinnumiðlunar, námskeiðahalds og skráningu atvinnuleysis. Útgjöld í hlutfalli af landsframleiðslu tvöfaldaðist frá árinu 2001 til 2004 (tafla 10). Milli áráanna 2001 og 2002 jukust útgjöld á föstu verðlagi í kr. á íbúa um tæp 51%. Þá jókst skráð atvinnuleysi úr 1,4% í 2,5%. Milli áráanna 2002 og 2003 jukust þau um 33% á meðan skráð atvinnuleysi jókst úr 2,5 í 3,4%, en á milli áráanna 2003 og 2004 jukust útgjöldin um 3%. Atvinnuleysisbætur eru stærsti þátturinn í þessum útgjaldaflökki eða 66% útgjalda 2001 og um og yfir 80% útgjalda frá árinu 2002. Tryggingargjald (þ.m. atvinnurekendur) fjármagnar um 80% verkefnasviðsins.
- Heilbrigðismál* Stærsti liður greiðslna á sviði heilbrigðismála eru lög- og samningsbundnar launagreiðslur í veikindum (91% árið 2004). Á sviði niðurgreiddrar þjónustu er rekstur sjúkrahúsa stærsti liðurinn (58%). Útgjöld alls í kr. á íbúa á föstu verðlagi hækka um 0,5% milli áráanna 2003 og 2004 en um 12% frá 2001 til 2004 sem er minni aukning en á útgjöldum í heild. Það kemur fram í því að hlutfall verkefnasviðsins af útgjöldum til félagsverndar lækkar úr 38,5% í 34,8% á sama tíma (tafla 11).
- Breytingar á þessu verkefnasviði er mjög tengdar launabreytingum. Útgjöld til launagreiðslna í veikindum á íbúa á föstu verðlagi jukust um rúm 7% frá 2001 til 2004, líkt og kaupmáttur launavísitölu á sama tíma. Á verkefnasviðinu runnu 4/5 hlutar allra útgjalda til niðurgreiddrar þjónustu sem óx á íbúa á föstu verðlagi um tæp 13% frá 2001 til 2004 á sama tíma og kaupmáttur launavísitölu opinberra starfsmanna jókst um rúm 10%.
- Aldraðir* Einu greiðslurnar á verkefnasviðinu aldraðir eru lífeyrisgreiðslur (tafla 12). Niðurgreidd þjónusta skiptist í annars vegar vistun aldraðra (bæði þjónustu- og hjúkrunarheimili) og hins vegar í „opna þjónustu“ (félagslega heimaþjónustu og dagvistir o.þ.l.). Útgjöld til aldraðra á föstu verðlagi á íbúa jukust um rúm 5% 2003 til 2004 og um rúm 25% á milli áráanna 2001 og 2004. Útgjöld til aldraðra á föstu verðlagi og á íbúa 67 ára og eldri jukust um rúm 23% milli áráanna 2001 og 2004. Hlutfall verkefnasviðsins af öllum útgjöldum breyttist óverulega frá árinu 2001 til 2004 eða úr 27,7% í 28%.
- Greiðslur, þ.e. lífeyrisgreiðslur almannatrygginga og lífeyrissjóða, eru um 70% útgjalda á þessu verkefnasviði. Þær jukust um 15% á föstu verðlagi á íbúa 67 ára og eldri frá 2001 til 2004, þar af er aukning lífeyris almannatrygginga rúm 7% en lífeyrissjóða 23%. Í vexti þess síðarnefnda gætti bæði launahækkana og þess að nýir lífeyrisþegar höfðu yfirleitt rétt til hærri greiðslna en eldri lífeyrisþegar. Árið 2001 voru lífeyrisgreiðslur almannatrygginga rúmlega 51% allra lífeyrisgreiðslna, en það hlutfall lækkaði og var tæp 48% árið 2004. Árið 2001 fengu rúm 10% ellilífeyrisþega eingöngu lífeyri frá Tryggingastofnun en það hlutfall var tæp 9% árið 2004. Á milli áráanna 2001 og 2004 fjölgaði ellilífeyrisþegum um 5,4% (úr 29.299 í 30.892).
- Af útgjöldum til niðurgreiddrar þjónustu eru útgjöld vegna vistunar stærsti liðurinn eða 87% útgjalda. Þau jukust um rúm 48% á föstu verðlagi á íbúa 67 ára og eldri frá 2001 til 2004. Á tímabilinu fjölgaði vistrýmum aldraðra um 4,6% (úr 3.226 í 3.376) og vistmönnum um 8,2% (3.073 í 3.325). Tilfærsla er á tímabilinu á milli hjúkrunarrýma sem eru dýrari og þjónusturýma. Þeim fyrrnefndu fjölga um 15,7%



(úr 2.053 í 2.376) og vistmönnum á hjúkrunarheimilum um tæp 20% (úr 2.096 í 2.511), en á sama tíma fækkar þjónusturýmum. Hinn hái hlutur atvinnurekenda í fjármögnun útgjalda endurspeglar bæði hlut tryggingagjalds í fjármögnun Tryggingastofnunar og hlut atvinnurekenda í greiðslum til lífeyrissjóða. Greiðslur til lífeyrissjóða skýra bæði hlut hinna tryggðu og annarar fjármögnunar (fjármagnstekna) í fjármögnuninni. Árið 2004 námu greiðslur til lífeyrissjóða fimmföldum lífeyrisgreiðslum þeirra.

**Öryrkjar** Greiðslur á verksviðinu öryrkjar taka til örorkulífeyris bæði almannatrygginga og lífeyrissjóða, auk annarra greiðslna almannatrygginga á þessu svið (tafla 13). Þjónusta skiptist í húsnæði, endurhæfingarúrræði og heimilisþjónustu. Frá 2003 til 2004 jukust útgjöld í kr. á íbúa á föstu verðlagi um 7% en frá árinu 2001 til 2004 jukust þau um rúm 33%. Útgjaldaaukningin er á öllum sviðum. Hlutfall verkefna- sviðsins af útgjöldum vex úr 13,6% í 14,7% á tímabilinu 2001 til 2004.

Stærsti einstaki útgjaldaliðurinn eru lífeyrisgreiðslur eða 67% árið 2004. Einstaklingum á aldrinum 16–66 ára sem fengu greiddan einhvern örorkulífeyri fjölgaði úr 11.750 árið 2001 í 13.894 árið 2004 eða um 18,2%. Þeir öryrkjar sem fengu eitthvað greitt frá lífeyrissjóðum fjölgaði úr 6.108 árið 2001 í 7.336 árið 2004 eða um rúm 20%. Útgjöld almannatrygginga til lífeyrisgreiðslna öryrkja er um 74% þeirra. Vöxtur í útgjöldum lífeyrissjóða í kr. á íbúa á föstu verðlagi milli árána 2001 og 2004 eru rúm 28% en vöxtur útgjalda almannatrygginga eru 47%. Útgjöld almannatrygginga jukust mest milli árána 2002 og 2003 eða tæp 21%. Sá vöxtur skýrist bæði af fjölgun lífeyrisþega og að útgjöld vegna dóms hæstaréttar nr. 549/2002 eru meðtalin það ár. Til niðurgreiddrar þjónustu á þessu sviði fer um þriðjungur útgjalda, þar af rúmur helmingur til endurhæfingar og atvinnumála og rúmur þriðjungur til vistunar fatlaðra. Útgjöld til niðurgreiddrar þjónustu milli árána 2001 og 2004 jukust um tæp 20% í kr. á íbúa á verðlagi ársins 2004.

**Eftirlifendur** Á verkefnasviðinu eftirlifendur er eingöngu um greiðslur að ræða þ.e. lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða og dánarbætur ofl. sem greiddar eru af almannatryggingum (tafla 14). Milli árána 2003 og 2004 lækkuðu útgjöld til verkefnasviðsins um tæp 7% í kr. á íbúa á föstu verðlagi, en milli árána 2001 og 2004 hækkuðu þau um tæp 11%. Lífeyrissjóðir greiða um 93% af greiðslum til eftirlifenda, en hlutur almannatrygginga er um 6% af þessum greiðslum.

**Húsnæði** Útgjöld vegna húsnæðis eru lág miðað við útgjöld til annarra verkefnasviða. Aðeins er um að ræða niðurgreiðslu húsnæðiskostnaðar, en ekki óbeinan stuðning í formi lána, sem eru hagstæðari en markaðslán, eða skattaívilnana vegna húsnæðiskaupa. Slíkur stuðningur við viðskipti á markaði flokkast ekki til félagsmálaútgjalda samkvæmt skilgreiningu ESSPROS. Hlutur húsaleigubóta jókst úr 70% í 76% þessara útgjalda frá árinu 2001 til 2004 (tafla 15). Þær eru greiddar leigjendum með lágar tekjur. Sveitarfélög sjá um greiðslur, en ríkið fjármagnar 60% þeirra á móti sveitarfélögum. Vöxtur útgjalda vegna húsnæðis milli árána 2001 til 2004 endurspeglar bæði hækkanði markaðsverð húsnæðis og fjölgun þeirra sem þiggja húsaleigubætur, en þeir voru 5.500 í maí 2001 en rúmlega 9.000 í sama mánuði 2004.

**Önnur félagsaðstoð** Önnur félagsaðstoð nær yfir félagsþjónustu sveitarfélaga, þar með fjárhagsaðstoð þeirra, meðferðar fíkniefnaneytenda og annarra liða sem ekki falla að skilgreiningum annarra verkefnasviða. Árið 2004 fjármögnuðu sveitarfélög nærri þrjá fjórðu þessara útgjalda (tafla 16). Milli árána 2003 og 2004 jukust útgjöld í

kr. á íbúa á föstu verðlagi um tæp 17% en frá 2001 til 2004 um 45%. Mest er breyting milli árunna 2001 og 2002 eða um rúm 26% í kr. á íbúa á föstu verðlagi. Hér gætir áhrifa af þróun atvinnuleysis á þessum tíma. Ríkisábyrgð á launum í gjaldþroti er um 14% útgjalda árið 2004.

## Félagsvernd í erlendum samanburði


*Samanburður við EES-löndin*

Eurostat gefur árlega út rit með sambærilegum upplýsingum um útgjöld EES-landanna til félagsverndar, þar sem fram koma tölur frá hverju landi fyrir síðustu 10 til 15 ár (nýjast útgáfa: „*Social protection Expenditure and Receipts 1995-2003*“, gefin út 2006). Tölur 20 til 22 innihalda valdar tölur úr þessu riti.

Í hlutfalli af landsframleiðslu voru útgjöld til félagsverndar í löndum EES (ásamt Sviss) hæst í Svíþjóð árið 2003, eða rúm 33%, en lægst í Eystrasaltlöndunum, innan við 14% (tafla 20). Ísland lenti í 16. sæti af þessum 27 löndum (upplýsingar ekki tiltækar fyrir Kýpur) og með nokkuð lægra hlutfall en meðaltal EES-landanna.

### Mynd 5. Heildarútgjöld til félagsverndar sem hlutfall af landsframleiðslu í löndum EES og Sviss 2003

Figure 5. Total social protection expenditure as percent of GDP in EEA countries and Switzerland 2003




Translation: see table 20.

Þegar útgjöld eru skoðuð á íbúa í jafnvirðisgildum í evrum færast Ísland upp í 14. sæti og útgjöldin eru litlu lægri en á EES-svæðinu í heild.

**Mynd 6. Heildarútgjöld til félagsverndar í löndum EES og Sviss á íbúa í jafnvirðisgildum 2003**

Figure 6. Total social protection expenditure per capita in PPP's in EEA countries and Switzerland 2003



Translation: see table 20.

Í langflestum löndum EES er hlutfall útgjalda til öldrunarmála hæst (40,8 % í heild) að undanskildu Írlandi (18%), Íslandi (28%) og í Noregi (29%). Í þessum löndum er hlutfall útgjalda til heilbrigðismála nokkuð stærri hluti heildarútgjalda en útgjöld til öldrunarmála (tafla 21).

Eins og fram kom í töflu 4 skiptust útgjöld til félagsverndar á Íslandi nærri jafnt milli greiðslna og niðurgreiddrar þjónustu. Hluti greiðslna er stærri hluti þessara útgjalda í öðrum EES-löndum (auk Sviss) árið 2003 eða á bilinu frá 53% á Írlandi til 74% á Ítalíu (tafla 22). Á EES-svæðinu í heild námu greiðslur rúmum 67% heildarútgjalda til félagsverndar. Ísland er eins og hin Norðurlöndin meðal átta EES-landa þar sem ríki og sveitarfélög fjármögnuðu yfir 40% útgjaldanna.

**Norðurlönd** Eins og áður sagði kemur árlega út ritið „Social tryghed i de nordiske lande“, en auk þess að fjalla um útgjöld til félags- og heilbrigðismála eru birtar upplýsingar um fjölda viðtakenda greiðslna og niðurgreiddrar þjónustu í löndunum. Útgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu á Norðurlöndum árið 2004 eru hæst í Svíþjóð (tæp 33%) og lægst í Noregi, tæp 24%, og á Íslandi, 23% (tafla 23). Niðurstaðan er ekki alveg sú sama ef útgjöld eru skoðuð á íbúa í jafnvirðisgildum í evrum (tafla 25). Útgjöld þessi eru hæst í Svíþjóð og Noregi. Lægst eru þau í Finnlandi og á Íslandi. Athyglisvert er að á verkswiði heilbrigðismála, þar sem útgjöld eru mikil, lendir Ísland í öðru sæti á Norðurlöndum.

**Fjármögnun** Á öllum Norðurlöndunum fjármagna ríki og sveitarfélög stærstan hlut útgjalda til félagsverndar eða frá 38% á Íslandi til 64% í Danmörku (tafla 24). Hluttur atvinnurekenda í fjármögnun útgjalda til félagsverndar er vel rúmur fjórðungur á Íslandi og í Noregi. Í Danmörku er hluttur atvinnurekenda aðeins 10%. Ísland sker sig úr hvað varðar aðra fjármögnun (fjármagnstekjur), þar sem hún nemur yfir fjórðungi af heild árið 2004.

**Fjölskyldur og börn** Á Norðurlöndum eru útgjöld til fjölskyldna og barna hæst á íbúa í Danmörku en lægst í Finnlandi (tafla 25). Við samanburð á þessu verkefnasviði verður að hafa í

huga að hlutfall barna af heildaríbúafjölda er hærra á Íslandi en í hinum löndunum. Þannig voru tæp 27% íbúa á aldrinum 0–17 ára á Íslandi árið 2004, en það átti við um 21 til 22% íbúa í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð og tæp 24% íbúa í Noregi. Þegar leiðrétt er fyrir þessum mun og útgjöld á íbúa 0 til 17 ára eru borin saman eru þau hæst í Danmörku en lægst á Íslandi.

*Atvinnuleysi* Útgjöld vegna atvinnuleysis eru lægst á Íslandi af Norðurlöndunum árið 2004. Það ár var meðalatvinnuleysi samkvæmt samræmdum vinnumarkaðskönnunum minnst á Íslandi eða 3,1%. Í Noregi var það 4,5%, en 5,6% í Danmörku, 5,5% í Svíþjóð og 8,9% í Finnlandi. Skýringar á lægri útgjöldum á Íslandi eru þær helstar að hér er atvinnuleysi minna, en einnig hefur áhrif að fjárhæðir atvinnuleysisbóta miða eingöngu við fyrri starfshlutfall en eru ekki hlutfall af fyrri tekjum eins og á hinum Norðurlöndunum.

*Heilbrigðismál* Útgjöld á íbúa á Íslandi til heilbrigðismála eru í hærri kantinum miðað við hin löndin öfugt við útgjöld á öðrum sviðum. Hæst eru þau í Noregi síðan koma Ísland og Svíþjóð, en Danir og Finnar koma þar á eftir. Mestu er varið til heilbrigðisþjónustu í Noregi og á Íslandi, en minna í öðrum löndum. Þar sem hlutfall aldraðra af íbúafjölda er lægra á Íslandi mætti færa rök fyrir því að það ætti að koma fram í lægri útgjöldum til heilbrigðisþjónustu. Á móti kemur þó að líklegt er að hagkvæmni stærðarinnar gæti í heilbrigðisþjónustu grannlanda okkar sem eru mun fjölmennari. Útgjöld til greiðslna í veikindum eru mest í Noregi af löndunum fimm.

*Aldraðir* Útgjöld á íbúa í jafnvirðisgildum vegna aldraðra eru lægst á Íslandi af Norðurlöndunum og sama á við um útgjöld vegna lífeyris, en útgjöld til niðurgreiddrar þjónustu eru lægri í Finnlandi. Aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar er nokkuð önnur en grannþjóðanna. Þannig voru tæp 12% þjóðarinnar 65 ára og eldri 2004, en sama hlutfall í Danmörku, Finnlandi og Noregi var um 15% og 17% í Svíþjóð. Þegar leiðrétt er fyrir þeim mun og útgjöld á íbúa 65 ára og eldri í jafnvirðisgildum eru athuguð dregur úr mun heildarútgjalda milli Íslands og hinna landanna, og útgjöld eru hærri á Íslandi en í Finnlandi. Lífeyrisgreiðslur á íbúa 65 ára og eldri eru lægri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum, en útgjöld til niðurgreiddar þjónustu eru hæst á Íslandi. Athyglisvert er að skipting útgjalda til þjónustu á Íslandi og hinna landanna eru með ólíkum hætti. Þannig verja Íslendingar tæpum 90% til búsetuþáttarins, en það hlutfall er hæst 70% í Svíþjóð en lægst 7% í Danmörku. Mismunurinn liggur í meiri útgjöldum til svokallaðra opinna þjónustuúrræða annars staðar en á Íslandi.

*Öryrkjar* Útgjöld til öryrkja eru hæst í Noregi árið 2004 eða rúmum 70% hærri en á Íslandi. Lægst eru útgjöldin á Íslandi og í Finnlandi.

*Eftirlifendur* Danir hafa alveg fellt niður eftirlifendalífeyri (fært yfir í annan lífeyri) og þróun í sömu átt hefur gætt víðar. Þar er um að ræða afleiðingu af aukinni atvinnuþátttöku beggja kynja. Niðurgreidd þjónusta á þessu verkefnasviði eru styrkir vegna útfararþjónustu, sem er að finna í Danmörku, Noregi og Finnlandi. Slíkir styrkir eru ekki óþekktir hér á landi á vegum félagasamtaka, ekki síst verkalýðsfélaga, en um þá eru litlar sem engar upplýsingar að fá.

*Húsnæði* Svíar og Danir verja mun hærri fjárhæðum á íbúa til húsnæðis en aðrar Norðurlandþjóðir.

*Önnur félagsþjónusta* Útgjöld til annarrar félagsþjónustu eru lægri á íbúa á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Það á þó ekki við um útgjöld vegna niðurgreiddrar þjónustu á þessu sviði.

*Niðurstöður um alþjóðlegan samanburð*

Í þeim alþjóðlega samanburði sem hér hefur verið gerður kemur fram að Ísland hefur sérstöðu varðandi útgjöld til félagsverndar meðal þeirra landa sem Ísland er helst borið saman við. Útgjöld til þessara mála á Íslandi eru rétt undir meðaltali EES landanna. Önnur sérstaða Íslands meðal landa EES er að hlutfall greiðslna og niðurgreiddrar þjónustu er nokkurn vegin jafn skipt. Greiðslur eru í öllum öðrum löndum hærra hlutfall útgjalda og í heild á EES svæðinu eru þær 67% útgjalda. Loks á Ísland sameiginlegt með öðrum Norðurlöndum að hluti ríkis og sveitarfélaga í fjármögnun útgjalda er stærri en í flestum öðrum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ef skipting útgjalda milli greiðslna og niðurgreiddrar þjónustu á Norðurlöndum árið 2004 er athuguð annars vegar í hlutfalli af landsframleiðslu og hins vegar á íbúa í jafnvirðisgildum í evrum, kemur fram að munur Íslands og hinna landanna liggur fyrst og fremst í minni hlut greiðslna. Þannig eru útgjöld til niðurgreiddrar þjónustu á íbúa, reiknað í jafnvirðisgildum í evrum (PPP), 30% lægri í Finnlandi en á Íslandi, en þessi útgjöld eru 6% hærra í Svíþjóð og 4% hærra í Noregi en á Íslandi. Útgjöld til greiðslna eru hins vegar mun lægri á Íslandi mælt á þennan mælikvarða en í hinum löndunum. Þar eru þau frá því að vera 32% hærra í Finnlandi til að vera 66% hærra í Noregi.

## Viðauki I

### Munurinn á ESSPROS-staðlinum og uppgjörsaðferðum þjóðhagsreikninga

Skilgreiningar og uppgjörsaðferðir ESSPROS-staðalsins eru að mestu í samræmi við staðal þjóðhagsreikninga, en þó er nokkur munur á þessum stöðlum og þá aðallega varðandi (1) umfang félagsverndar (e. social protection), (2) einingar hagkerfisins, (3) mörkin milli greiddra félagslegra tilfærslna og niðurgreiddrar þjónustu, og (4) uppgjörsaðferða.

#### 1. Umfang félagsverndar

Þjóðhagsreikningar draga ekki saman félagsverndina með sama hætti og ESSPROS, en leggja þess í stað áherslu á félagslegar tilfærslur (e. social benefits) til heimilanna og greiðslu tryggingagjalda (e. social contributions). Hvað þetta varðar er um þrennskonar mismæmi að ræða milli þessara staðla.

- (a) Tekjutilfærslur til heimilanna vegna menntunar eru í þjóðhagsreikningum taldar með félagslegum tilfærslum til heimilanna en ekki í ESSPROS.<sup>1</sup>
- (b) Félagslegar tilfærslur þjóðhagsreikninga ná einungis til tekjutilfærslna en í ESSPROS ná félagslegar tilfærslur til bæði tekjutilfærslna og fjármagns-tilfærslna (e. capital transfers).

<sup>1</sup> Þess ber þó að geta að ESSPROS færir til gjalda vissan kostnað varðandi verknám sem tengist atvinnuleysi.

- (c) ESSPROS færir skattaafslætti og þvingaðar greiðslur heimilanna ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
- ef hægt er að líta á slíka afslætti eða greiðslur sem hluta af félagsvernd;
  - ef slíkar bætur hafa flata prósentu;
  - ef skattaafslættir eru greiddir út ef skattafrádrátturinn nýtist ekki að fullu.

Hluttur sem getur valdið misskilningi er að í þjóðhagsreikningum ná félagslegar greiðslur í fríðu (e. social transfers in kind) ekki einungis til félagsverndar. Þannig eru t.d. félagslegar greiðslur hins opinbera og velferðastofnana í fríðu til íþróttastarfsemi, afþreyingar og menningar ekki hluti af félagsvernd sem slíkri.

## 2. Einingar hagkerfisins (e. institutional units)

Þjóðhagsreikningar fjalla um hina ýmsu félagslegu tryggingasjóði (e. social insurance schemes) án þess að flokka þá sérstaklega. Í samræmi við það er litið svo á í þjóðhagsreikningum að félagslegar tilfærslur séu greiddar af einstökum einingum hagkerfisins.

Í ESSPROS aftur á móti er litið svo á að öll útgjöld og allar tekjur varðandi félagsvernd falli undir hin svokölluðu félagsverndarkerfi (e. social protection schemes). Slík félagsverndarkerfi geta verið rekin af einni einingu hagkerfisins eða af hópi þeirra. Skilgreining ESSPROS á félagsverndarkerfi nær bæði til félagslegrar aðstoðar (e. social assistance) og félagslegra tryggingasjóða (e. social insurance schemes).

## 3. Mörkin milli greiddra félagslega tilfærslna og þeirra í fríðu

Áhersla þjóðhagsreikninga og ESSPROS er mismunandi varðandi mörkin milli greiddra félagslegra tilfærslna og þeirra í fríðu og þá aðallega í eftirfarandi tveimur:

- (a) Í þjóðhagsreikningum eru félagslegar tilfærslur í fríðu einungis veittar af hinu opinbera gegnum almannatryggingar (e. social security schemes) eða með félagslegri aðstoð og af velferðarstofnunum sem félagsleg aðstoð. Í ESSPROS aftur á móti geta allir geirar hagkerfisins og allar tegundir tryggingasjóða<sup>1</sup> veitt félagslegar tilfærslur.
- (b) Í þjóðhagsreikningum eru allar félagslegar tilfærslur almannatrygginga (e. social security funds) og öll félagsleg aðstoð (e. social assistance) til og frá útlöndum færðar sem greiðslur (e. cash benefits) en ekki í fríðu (e. in-kind). ESSPROS fylgir ekki þessari reglu.

---

<sup>1</sup> Þ.e. social security, social insurance og social assistance.

#### 4. Sérstakar uppgjörsaðferðir

Í þjóðhagsreikningum er meðhöndlun vissra viðskiptafærslna (e. transactions) önnur en flestir viðskiptaaðilar skynja þær. Þetta er gert til að skerpa á undirliggjandi grunngerð hagkerfisins. Í tveimur tilfellum hefur ESSPROS ekki tekið upp uppgjörsaðferð þjóðhagsreikninga:

- (a) Í ESSPROS er ekki reynt að gera greinamun á milli áfallinna tryggingagjalda til tryggingasjóða og greiddra. Í þjóðhagsreikningum aftur á móti er reynt að gera þennan greinarmun.
- (b) Vissir tryggingasjóðir hafa (reiknaðar) eignatekjur (vexti eða arð) af því fjármagni sem þeir fjárfesta sem er notað til að fjármagna framtíða félagslegar tilfærslur. Þar sem þessir tryggingasjóðir eru í raun eign tryggingatakans þá færa þjóðhagsreikningar þetta á eftirfarandi hátt: (a) reiknaðar eignatekjur eru færðar á tryggingasjóðinn (debit) og á heimilin (credit) sem er tryggingatakinn; (b) sama fjárhæð er færð frá heimilunum (debit) til tryggingasjóðsins (credit) sem viðbótar tryggingagjald (e. social contribution). Í ESSPROS er ekki tekið tillit til þessara reiknuðu eignatekna í uppgjöri þess.

#### English summary

In the year 2004 just over 207 billion ISK were spent on social protection in Iceland. The expenditure that year as percentage of GDP was 22.6% but was 18.0% in 1994. The largest proportion of social protection expenditure function was on sickness/health care which gives Iceland a unique place in European comparison. Around 34% of the total expenditure was spent on sickness/health care but old age function came second with 27% of the total expenditure. In the third and fourth place were expenditures on disability and family and children functions, with 14% of the total expenditure each. Since the Icelandic labour market was characterised by general demand in 2001-2004, expenditure on unemployment function was low in an international comparison.

Financing of social protection expenditure was characterised by fund building of the pension funds in the years 2003 and 2004. In addition to contributions from the central and the local government, employers and the insured, capital income has been a significant but fluctuating part of the financing of social protection expenditure in Iceland in recent years.

Social protection expenditure in Iceland in 2003 is little lower than the average of the EEA countries. The expenditure in Iceland is equally divided between cash benefits and benefits in kind but in most other countries cash benefits are a significantly greater part of the expenditure. Comparing the Nordic countries in 2004, expenditure on benefits in kind in Iceland is similar to the other countries, while expenditure on cash benefits is considerably lower.

**Tafla 1. Útgjöld til félagsverndar skipt eftir greiðendum 2004**

Table 1. Social protection expenditure by sector of origin 2004

Millj. kr. Million ISK

	Alls útgjöld Total expenditure
<b>Alls I - IX Total</b>	<b>210.352</b>
<b>Bein útgjöld alls I - VIII Direct expenditure, total</b>	<b>207.223</b>
<b>I Fjölskyldur og börn Families and children</b>	<b>28.953</b>
Greiðslur Cash benefits	13.166
Greiðslur við fæðingu og ættleiðingu Maternity benefits	6.626
Barnabætur Family or child allowance	5.731
Meðlög Child maintenance	808
Niðurgreidd þjónusta Services	15.787
Dagvistarstofnanir barna Daycare for children	10.407
Önnur æskulýðsstarfsemi Other youth activities	3.007
Barnavernd Child and youth welfare	2.269
Heimilishjálpi við barnafjölskyldur Home-help services for families with children	104
<b>II Atvinnuleysisstryggingar og vinnumiðlun Unemployment insurance and employment agencies</b>	<b>5.072</b>
Atvinnuleysisstryggingar Unemployment insurance	4.406
Atvinnuleysisbætur Unemployment benefits	4.240
Framlög v/atvinnuátaksverkefna, námskeiða ofl. Vocational training allowances etc.	166
Vinnumiðlun Employment agencies	666
<b>III Heilbrigðismál Health insurance</b>	<b>72.059</b>
Greiðslur Cash benefits	14.149
Almennar sjúkratryggingar (dagpeningar) Per-diem sickness benefits	1.016
Launagreiðslur í veikindum Wages and salaries during sickness	12.880
Skammtíma slysatryggingar Short-term occupational injury insurance	253
Niðurgreidd þjónusta Services	57.909
Sjúkrahús og heilsugæsla Hospitals and health care	56.730
Sjúkrahús Hospital care	33.726
Læknisþjónusta utan sjúkrahúsa Consultations, physiotherapy etc., outside hospitals	21.061
Önnur útgjöld Other expenditures	1.943
Tannlækningar Dental care	1.179
<b>IV Aldraðir Old age</b>	<b>58.064</b>
Ellilífeyrir Retirement pension	40.428
Almannatryggingar Social security scheme (basic pension)	19.362
Lífeyrissjóðir Compulsory private pension funds	21.067
Niðurgreidd þjónusta Services	17.636
Elliheimili, sjúkradeildir og íbúðir aldraðra Retirement homes and nursing homes	15.283
Heimilishjálpi við aldraða Home-help services for the elderly	836
Dagvistir aldraðra Daycare for the elderly	1.517
<b>V Öryrkjar Disability</b>	<b>30.368</b>
Greiðslur Cash benefits	20.564
Örorkulífeyrir Disability pension	20.319
Almannatryggingar Social security scheme (basic pension)	15.013
Lífeyrissjóðir Compulsory private pension funds	5.306
Langtíma slysatryggingar og eingreiðslur Long-term occupational injury insurance	245
Niðurgreidd þjónusta Services	9.804
Endurhæfing og atvinna fyrir öryrkja Rehabilitation and employment for the disabled	4.989
Sambýli, vistheimili og íbúðir fatlaðra Residential homes and flats for the disabled	4.151



Fjármögnun <i>Financing</i>							
Hið opinbera <i>Public authorities</i>							Til / frá
Alls	Ríkissjóður	Sveitarfélög	Atvinnu	Hinir	Önnur	Alls	sjóðum
<i>Total</i>	<i>Central</i>	<i>Local</i>	rekendur	tryggðu	fjármögnun	<i>Total</i>	<i>Transfer</i>
	<i>govern-</i>	<i>govern-</i>	<i>Employers</i>	<i>The</i>	<i>Other</i>		<i>to/from</i>
	<i>ment</i>	<i>ment</i>		<i>insured</i>	<i>financing</i>		<i>funds</i>
<b>130.776</b>	<b>106.479</b>	<b>24.297</b>	<b>94.853</b>	<b>20.970</b>	<b>94.532</b>	<b>341.131</b>	<b>130.779</b>
<b>129.363</b>	<b>105.066</b>	<b>24.297</b>	<b>93.556</b>	<b>20.551</b>	<b>94.532</b>	<b>338.002</b>	<b>130.779</b>
<b>22.582</b>	<b>7.035</b>	<b>15.548</b>	<b>4.228</b>	–	–	<b>26.810</b>	<b>-2.142</b>
6.795	6.157	638	4.228	–	–	11.023	-2.142
422	422	–	4.062	–	–	4.484	-2.142
5.565	5.565	–	166	–	–	5.731	–
808	170	638	–	–	–	808	–
15.787	877	14.910	–	–	–	15.787	–
10.407	–	10.407	–	–	–	10.407	–
3.007	137	2.871	–	–	–	3.007	–
2.269	741	1.528	–	–	–	2.269	–
104	–	104	–	–	–	104	–
<b>254</b>	<b>254</b>	<b>0</b>	<b>3.879</b>	–	<b>379</b>	<b>4.512</b>	<b>-560</b>
-158	-158	0	3.625	–	379	3.846	-560
-158	-158	0	3.459	–	379	3.680	-560
0	0	0	166	–	–	166	–
412	412	–	254	–	–	666	–
<b>57.608</b>	<b>57.421</b>	<b>187</b>	<b>14.427</b>	<b>23</b>	–	<b>72.059</b>	–
194	194	–	13.932	23	–	14.149	–
194	194	–	822	–	–	1.016	–
–	–	–	12.880	–	–	12.880	–
–	–	–	230	23	–	253	–
57.414	57.227	187	495	–	–	57.909	–
56.235	56.048	187	495	–	–	56.730	–
33.726	33.726	–	–	–	–	33.726	–
20.775	20.587	187	286	–	–	21.061	–
1.735	1.735	–	208	–	–	1.943	–
1.179	1.179	–	–	–	–	1.179	–
<b>26.014</b>	<b>23.755</b>	<b>2.260</b>	<b>45.025</b>	<b>13.692</b>	<b>63.242</b>	<b>147.974</b>	<b>89.910</b>
8.432	8.426	6	44.972	13.692	63.242	130.338	89.910
8.320	8.320	–	11.042	–	–	19.362	–
112	106	6	33.930	13.692	63.242	110.976	89.910
17.583	15.329	2.254	53	–	–	17.636	–
15.283	14.768	515	–	–	–	15.283	–
836	–	836	–	–	–	836	–
1.463	561	902	53	–	–	1.517	–
<b>16.141</b>	<b>14.848</b>	<b>1.293</b>	<b>17.526</b>	<b>3.448</b>	<b>15.927</b>	<b>53.043</b>	<b>22.675</b>
6.480	6.478	2	17.384	3.448	15.927	43.239	22.675
6.480	6.478	2	17.107	3.448	15.927	42.963	22.644
6.452	6.452	–	8.562	–	–	15.013	–
28	27	2	8.545	3.448	15.927	27.949	22.644
–	–	–	276	–	–	276	31
9.661	8.369	1.292	143	–	–	9.804	–
4.989	4.367	623	–	–	–	4.989	–
4.151	3.895	255	–	–	–	4.151	–

Tafla 1. Útgjöld til félagsverndar skipt eftir greiðendum 2004 (frh.)  
 Table 1. Social protection expenditure by sector of origin 2004 (cont.)

Millj. kr. Million ISK

	Alls útgjöld <i>Total expenditure</i>
Heimilishjálpi við öryrkja <i>Home-help services for the disabled</i>	230
Önnur þjónusta <i>Other services</i>	433
Ekkju- og ekkilsbætur <i>Widow's/widower's benefits</i>	5.299
Almannatryggingar <i>Social security scheme (basic pension)</i>	308
Lífeyrissjóðir <i>Compulsory private pension funds</i>	4.991
Dánarbætur <i>Death grants</i>	62
<b>VII Húsnæði <i>Housing</i></b>	<b>1.983</b>
Stuðningur við leigjendur <i>Rent benefit</i>	1.983
Niðurgreiðslur eigin leiguhúsnæðis sveitarfélaga <i>Social housing</i>	475
Húsaleigubætur <i>Other rent benefit</i>	1.507
<b>VIII Önnur félagsaðstoð <i>Other social benefits</i></b>	<b>5.363</b>
Greiðslur <i>Cash benefits</i>	2.501
Fjárhagsaðstoð o.fl. <i>Income support etc.</i>	1.762
Ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot <i>State-guaranteed wages in insolvencies</i>	739
Niðurgreidd þjónusta <i>Services</i>	2.863
Meðferð og endurhæf. áfengis- og fíkniefnasjúkl. <i>Rehabilitation of alcohol and drug abusers</i>	838
Önnur aðstoð <i>Other assistance</i>	2.025
<b>IX Stjórnunarkostnaður <i>Administration costs</i></b>	<b>3.129</b>

Fjármögnun <i>Financing</i>							
Hið opinbera <i>Public authorities</i>							Til / frá sjóðum <i>Transfer to/from funds</i>
Alls <i>Total</i>	Ríkissjóður <i>Central govern- ment</i>	Sveitarfélög <i>Local govern- ment</i>	Atvinnu rekendur <i>Employers</i>	Hinir tryggðu <i>The insured</i>	Önnur fjármögnun <i>Other financing</i>	Alls <i>Total</i>	
230	–	230	–	–	–	230	–
291	107	183	143	–	–	433	–
159	157	1	8.214	3.244	14.983	26.600	21.301
132	132	–	176	–	–	308	–
26	25	1	8.039	3.244	14.983	26.292	21.301
–	–	–	62	–	–	62	–
<b>1.983</b>	<b>582</b>	<b>1.400</b>	–	–	–	<b>1.983</b>	–
1.983	582	1.400	–	–	–	1.983	–
475	–	475	–	–	–	475	–
1.507	582	925	–	–	–	1.507	–
<b>4.622</b>	<b>1.015</b>	<b>3.608</b>	<b>194</b>	<b>144</b>	<b>0</b>	<b>4.960</b>	<b>-404</b>
1.762	56	1.706	194	142	0	2.097	-404
1.762	56	1.706	–	–	–	1.762	–
–	–	–	194	142	0	335	-404
2.861	959	1.902	–	2	–	2.863	–
838	765	72	–	–	–	838	–
2.023	193	1.830	–	2	–	2.025	–
<b>1.413</b>	<b>1.413</b>	–	<b>1.298</b>	<b>419</b>	–	<b>3.129</b>	–

**Tafla 2. Útgjöld til félagsverndar 2001–2004**  
*Table 2. Social protection expenditure 2001–2004*

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	2001	2002	2003	2004
<b>Alls I - IX <i>Total</i></b>	<b>149.777</b>	<b>173.393</b>	<b>193.279</b>	<b>210.353</b>
<b>Bein útgjöld alls I - VIII 1 <i>Direct expenditure, total</i></b>	<b>147.488</b>	<b>170.794</b>	<b>190.388</b>	<b>207.223</b>
Greiðslur <i>Cash benefits</i>	70.878	82.321	93.656	100.576
Þjónusta <i>Services</i>	76.610	88.474	96.731	106.647
<b>I Fjölskyldur og börn <i>Families and children</i></b>	<b>19.144</b>	<b>22.041</b>	<b>25.822</b>	<b>28.953</b>
Greiðslur <i>Cash benefits</i>	8.872	10.434	12.247	13.166
Greiðslur við fæðingu og ættleiðingu <i>Maternity benefits</i>	3.294	4.548	5.581	6.626
Barnabætur <i>Family allowance</i>	4.800	5.024	5.641	5.731
Meðlög <i>Child maintenance<sup>1</sup></i>	777	862	1.024	808
Niðurgreidd þjónusta <i>Services</i>	10.272	11.607	13.575	15.787
Dagvistarstofnanir barna <i>Daycare for children</i>	7.283	8.466	9.394	10.407
Sumarbúðir og önnur æskulýðsstarfsemi <i>Summer camping and youth activities</i>	1.027	1.059	1.987	3.007
Barnavernd <i>Child and youth welfare</i>	1.818	1.931	2.138	2.269
Heimilishjálpi við barnafjölskyldur <i>Home-help services for families with children</i>	144	150	57	104
<b>II Atvinnuleysi <i>Unemployment</i></b>	<b>2.167</b>	<b>3.456</b>	<b>4.715</b>	<b>5.072</b>
Atvinnuleysisstryggingar <i>Unemployment insurance</i>	1.573	2.848	4.060	4.406
Atvinnuleysisbætur <i>Unemployment benefits</i>	1.435	2.756	3.906	4.240
Framlög v/atvinnuáttaksverkefna, námskeiða ofl. <i>Vocational training allowances etc.</i>	138	92	154	166
Vinnumiðlun <i>Employment agencies</i>	594	608	655	666
<b>III Heilbrigðismál <i>Health insurance</i></b>	<b>56.767</b>	<b>63.491</b>	<b>68.665</b>	<b>72.059</b>
Greiðslur <i>Cash benefits</i>	11.439	12.538	13.295	14.149
Almennar sjúkratryggingar (dagpeningar) <i>Per-diem sickness benefits</i>	643	800	911	1.016
Launagreiðslur í veikindum <i>Wages and salaries during sickness</i>	10.598	11.432	12.089	12.880
Skammtíma slysatryggingar <i>Short-term occupational injury insurance</i>	198	306	295	253
Sjúkrahús og heilsugæsla <i>Hospitals and health care</i>	44.343	49.962	54.263	56.730
Sjúkrahús <i>Hospital care</i>	27.089	30.276	32.516	33.726
Læknisþjónusta utan sjúkrahúsa <i>Consultations, physiotherapy etc., outside hospitals</i>	15.724	17.837	19.852	21.061
Önnur útgjöld <i>Other expenditures</i>	1.531	1.849	1.895	1.943
Tannlækningar <i>Dental care</i>	985	992	1.106	1.179
<b>IV Aldraðir <i>Old age</i></b>	<b>40.804</b>	<b>47.955</b>	<b>52.822</b>	<b>58.064</b>
Ellilífeyrir <i>Retirement pension</i>	30.405	34.494	38.523	40.428
Almannatryggingar <i>Social security scheme (basic pension)</i>	15.603	17.206	19.188	19.362
Lífeyrissjóðir <i>Compulsory private pension funds</i>	14.802	17.288	19.335	21.067
Niðurgreidd þjónusta <i>Services</i>	10.399	13.461	14.300	17.636
Elliheimili, sjúkradeildir og íbúðir aldraðra <i>Retirement homes and nursing homes</i>	8.907	11.884	12.133	15.283
Heimilishjálpi við aldraða <i>Home-help services for the elderly</i>	687	763	748	836
Dagvistir aldraðra <i>Daycare for the elderly</i>	805	814	1.420	1.517
<b>V Öryrkjar <i>Disability</i></b>	<b>20.069</b>	<b>23.289</b>	<b>27.136</b>	<b>30.368</b>
Örorkulífeyrir <i>Disability pension</i>	12.659	14.713	17.708	20.319
Almannatryggingar <i>Social security scheme (basic pension)</i>	9.009	10.501	13.024	15.013
Lífeyrissjóðir <i>Compulsory private pension funds</i>	3.650	4.212	4.684	5.306
Langtíma slysatryggingar og eingreiðslur <i>Long-term occupational injury insurance</i>	177	201	210	245
Niðurgreidd þjónusta <i>Services</i>	7.233	8.375	9.218	9.804
Endurhæfing og atvinna fyrir öryrkja <i>Rehabilitation and employment for the disabled</i>	4.126	4.451	4.748	4.989
Sambýli, vistheimili og íbúðir fatlaðra <i>Residential homes and flats for the disabled</i>	2.453	3.173	3.645	4.151
Heimilishjálpi við öryrkja <i>Home-help services for the disabled</i>	109	133	162	230
Önnur þjónusta <i>Other services</i>	546	617	663	433

Tafla 2. Útgjöld til félagsverndar 2001–2004 (frh.)  
Table 2. Social protection expenditure 2001–2004 (cont.)

Millj. kr. Million ISK	2001	2002	2003	2004
<b>VI Eftirlifendur Survivors</b>	<b>4.263</b>	<b>4.866</b>	<b>5.221</b>	<b>5.362</b>
